

**Umsögn um þingskjal 1130.mál: Breyting á ýmsum lögum um framhald á
stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.**

Okkur finnst galli að útfærslan á rekstrarstuðningnum miði eingöngu við tekjufall rekstraraðila en ekki sé tekið tillit til kostnaðar sem fylgir sjálfum rekstrinum. Frá 10. nóvember 2023 hefur engin rekstur verið hjá í Grindavík. Það er engin rekstrargrundvöllur eins og hefur sést síðustu mánuði, viðskiptavinir okkar hafa verið heimamenn og ferðamenn. Heimamenn hafa verið fáir og mjög stór hluti búin að selja húsin sín til Þórkötlu og ferðamenn hafa ekki aðgang að Grindavík sem hamlar okkar viðskipti. Við sjáum engan grundvöll fyrir því að halda fyrirtæki í Grindavík þegar atburður eftir atburð er að gerast. Fyrirtækið Fishhouse kt. 701214-1020 á Hafnargötu 4 og Kári Guðmundsson kt. 171270-4729 á húsnæðið á Hafnargötu 6 þar sem veitngarstaður okkar er og erum búin að vera með hann síðan 2016.

Við óskum einnig eftir uppkaupum á hesthúsi okkar sem er á Hópsheiði 10 sem er í eigu Kára Guðmundssonar. Það er engin grundvöllur að hafa hesta í Grindavík þar sem varnagarðar eru fyrir ofan reiðhöll og ekki óhætt að fara í reiðtúr vegna sprungna á jarðvegi.

Við óskum eftir því að fá val að vera keypt út eins og húsið okkar.

Virðingarfyllt

Kári Guðmundsson

Alma S N Guðmundsdóttir